

Umsókn um framlengingu bóta þrátt fyrir dvöl á sjúkrahúsi eða stofnun fyrir aldraða

1. Nafn umsækjanda	2. Kennitala	
3. Netfang umsækjanda og/eða umboðsmanns	4. Sími umsækjanda og/eða umboðsmanns	
5. Heiti stofnunar	6. Áætluð útskrift	7. Áður framlengt
8. Hve lengi er óskað eftir framlengingu? <input type="checkbox"/> Einn mánuður <input type="checkbox"/> Tveir mánuðir <input type="checkbox"/> Þrjú mánuðir	9. Húsnæðiskostnaður á mánuði kr.	

10. Eftirtaldar upplýsingar þurfa að fylgja til að hægt sé að afgreiða umsókn:

Afrit af greiðsluvittunum vegna mánaðarlegs húsnæðiskostnaðar (húsaleiga, rafmagns- og hitakostnaður, afborganir lána og viðhaldskostnaður). Kvittanir skulu ekki vera eldri en tveggja mánaða frá þeim tíma sem framlenging á að taka gildi.

Greiðslufirlit (frá banka)

11. Greinargerð um annað sem skipt getur máli við afgreiðslu umsóknar

Ef umsækjandi tekur þátt í dvalarkostnaði frestar framlenging ekki þátttökunni.

Við útreikning greiðslna er stuðst við tekjuupplýsingar frá umsækjanda. Ábyrgð á því að Tryggingastofnun hafi réttar tekjuupplýsingar við útreikning bóta hvílir alfarið á umsækjanda/greiðsluþega.

Athygli er vakin á því að samkvæmt 55. gr grein laga um almannatryggingar á Tryggingastofnun endurkröfurétt á hendur greiðsluþega ef bætur eru ofgreiddar. Heimilt er að draga ofgreiðslu frá bótum sem greiðsluþegi öðlast síðar.

Eingöngu umsækjandi eða umboðsmaður getur undirritað umsókn. Eyðublað vegna umboðs er að finna á heimasíðu TR.

Staðfesting umsóknar:

Með undirskrift minni veiti ég Tryggingastofnun heimild til að afla nauðsynlegra upplýsinga til afgreiðslu á umsókn minni. Jafnframt staðfesti ég að ég mun tilkynna stofnuninni um breytingar á tekjum mínum eða öðrum aðstæðum sem geta haft áhrif á greiðslur.

14. Staður og dagsetning	16. Undirskrift umsækjanda/umboðsmanns
--------------------------	--

Reglur til viðmiðunar vegna afgreiðslu umsókna um framlengingu bóta¹

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfelld á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum fellur lífeyrir hans frá Tryggingastofnun og bætur honum tengdar niður ef vistin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði. Ef ljóst er frá upphafi að um er að ræða varanlega dvöl á dvalar- eða hjúkrunarheimili eða í hjúkrunarrými öldrunarstofnunar falla bætur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Heimilt er þó að víkja frá þessum tímamörkum og greiða lífeyrisþega bætur í allt að sex mánuði til viðbótar í samræmi við reglur þessar.

Við afgreiðslu umsókna skal einkum litið til þess hvort framlenging bóta sé nauðsynleg vegna afborgana eða annars rekstrarkostnaðar húsnæðis.

Framlenging er ekki veitt ef mánaðarleg greiðslubyrði umsækjanda er lægri en mánaðarlegar tekjur hans að frádreginni staðgreiðslu skatta og eftir að bætur frá Tryggingastofnun hafa fallið niður.

Framlenging er ekki veitt ef umsækjandi á eignir í peningum eða verðbréfum að verðmæti 4.000.000 kr. eða hærra. Fjármagnstekjur eru alltaf sameign hjóna við útreikning bóta hjá Tryggingastofnun.

Ákvörðun um framlengingu bóta getur náð til allt að þriggja mánaða í senn. **Ef óskað er frekari framlengingar skal sækja um að nýju og skila inn nýjum gögnum um kostnað sem staðfesta nauðsyn á áframhaldandi framlengingu.**

Lífeyrisþegi sem þegar hefur fengið framlengingu bóta í samtals sex mánuði á kost á að sækja um framlengingu að nýju að liðnu einu ári frá samþykkt síðustu framlengingar. Skilyrði er að greiðslur lífeyristrygginga hafi hafist í millitíðinni.

1 Reglugerð 357/2005 og 296/2008